

**Nr. 092 / 16 Gnúpur GK 11****Vélarvana**

Skipaskr.nr. 1579  
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1981, stál  
Stærð: 627,8 brl. 1141 bt.  
Mesta lengd: 68,2 m Skráð lengd: 61,79 m  
Breidd: 10,2 m Dýpt: 6,81 m  
Vél: MaK 2355 kW 1981  
Fjöldi skipverja: 27



Gnúpur ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. október 2016 var Gnúpur GK 11 á siglingu SV af Dyrhólaey þegar skipið varð vélavana. Veður: A 6-7 m/s og ölduhæð við Surtsey 3 m.

Gnúpur GK 11 var á siglingu 2 sml frá landi þegar skrífa skipsins fór í fullt afturábak. Stýrimaðurinn kúplaði skrífunni út og hafði samband við Vaktstöð siglinga. Þar sem skipið rak í átt að landi var akkerið látið falla og stöðvaðist þá rekið á því.

Bergey VE 544 kom á vettvang og taug var sett á milli skipanna en þegar átti að taka Gnúp í tog komst skrífan í lag þannig að ekki var þörf á aðstoð.

**Við rannsókn kom fram:**

- að leki kom að olúkerfi fyrir skiptiskrífu og olúþrýstingur féll;
- að lekinn var það mikil að olúþrýstingur tæmdist;
- að viðvörðun kom um að olúþrýstingur væri fallinn;
- að kón hafði dregist af 35 mm glussaröri sem lá frá skiptiloka;
- að glussarörið var lagfært til bráðarbirgðar, siglt til Vestmanneyja og framkæmd fullnaðarviðgerð.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.